

Ársskýrsla

Fjölbrautaskólans við

Ármúla 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Nemendur	3
Nemendur flokkaðir eftir brautum	4
Nemendafjöldi eftir kynjum	5
Meðalaldur nemenda eftir brautum	5
Nemendur með annað móðurmál en íslensku	6
Ársmemendur	7
Brautskráðir nemendur árið 2015	7
Nám	7
Sérnámsbraut	7
Heilbrigðisskólinn	8
Almenn námsbraut – stoðþjónusta	8
Bóknám	9
Starfsfólk, kennsla og stjórnun	9
Fundir	9
Fjármál og rekstur 2015	10
Samstarf	10
Mat	11
Framkvæmd markmiða skólasamnings	11
Úrbótaáætlun eftir sjálfsmat	12
Annað	12
Húsnæðismál	12
Umhverfisstefna	13
Heilsueflandi framhaldsskóli	13
Jafnréttisstefna	13
Sjálfbærnistefna	14
Lokaorð	14

Inngangur

Meginhlutverk Fjölbrotaskólans við Ármúla er að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs, hafa lýðræði að leiðarljósi, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda. Skólastarfið byggist á því að hver nemandi finni sér nám við hæfi og geti stundað það á eigin námshraða. Nám er vinna og á að fela í sér áskoranir bæði fyrir nemendur og kennara.

Fjölbrotaskólinn við Ármúla er áfangaskóli og kjarnaskóli heilbrigðisgreina. Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á fjórum bóknámsbrautum auk viðbótarnáms til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Skólinn býður upp á nám til starfsréttinda á sjö brautum á heilbrigðisviði auk framhaldsnáms á fjórða þrepi fyrir sjúkraliða og lyfjatækna. Almenn námsbraut og framhaldsskólabraut eru starfræktar við skólann og fá nemendur hennar mikinn stuðning við nám sitt. Auk þess er boðið upp á tveggja ára nám á nýsköpunar- og listabraut. Í FÁ er stór hópur nemenda sem á annað móðurmál en íslensku. Í skólanum er sérnámsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. FÁ rekur öflugt fjarnám á sömu námsbrautum og eru í boði í dagskóla.

Fjölbreytni í námsvali laðar að fjölbreyttan nemendahóp og er stefna skólans að sinna hverjum og einum nemanda á sem bestan hátt. Fjölbreytni í námsvali þýðir val um bóknám kjarnagreina eða starfsnám heilbrigðisgreina sem er í samræmi við kröfur og þarfir samfélagsins hverju sinni. Fjölbreyttur nemendahópur þýðir nemendur af öllum getustigum, nemendur af mismunandi þjóðerni, nemendur úr dreifbýli og þéttbýli og nemendur á öllum aldri. Nemendur með ólíkan bakgrunn eiga að geta sótt sér hér menntun við hæfi. Nemendahópurinn í FÁ er mjög fjölbreyttur, nemendur eru frá grunnskólaaldri upp í tæplega sjötugt. Á haustmisseri 2015 stunduðu rúmlega 2000 nemendur nám við skólann, þ.e. í dagskóla og fjarnámi. Starfsmenn skólans voru rúmlega eitt hundrað.

Nemendur

Nemendum í FÁ hefur fækkað frá 2009 og skýrist fækkun til ársins 2014 í samdrætti í fjarnámi. Heilsársnemendum hefur fækkað umtalsvert síðustu þrjú ár vegna niðurskurðar sem kynntur er í fjárlögum hvers árs. Hér að neðan eru upplýsingar um fjölda nemenda í dagskóla og í fjarnámi skv. upplýsingum Hagstofu til ársins 2011. Tölurnar fyrir árin 2012, 2013, 2014 og 2015 fengust úr nemendaskrá skólans.

Ár	Nemendur alls	Dagskóli	Fjarnám
2008	2914	974	1940
2009	3077	970	2107
2010	2624	932	1692
2011	2585	1080	1505
2012 ¹	2575	1148	1427
2013 ²	2216	1008	1208
2014 ³	2205	1037	1168
2015 ⁴	2064	871	1193

¹ Skv. nemendaskrá skólans 15. október 2012

² Skv. nemendaskrá skólans 14. október 2013

³ Skv. nemendaskrá skólans 13. september 2014

⁴ Skv. nemendaskrá skólans 19. október 2015

Á haustönn 2015 tók ný reglugerð gildi sem takmarkar aðgengi nemenda eldri en 25 ára að bóknámi. Fækkaði því dagskólanemum en fjöldi nemenda sem innrituðu sig í fjarnám hefur haldist nokkuð stöðugur. Hin nýja reglugerð hefur haft þau áhrif að töluvert færri nemendur eldri en 25 ára sækja um skólavist og virðist það einnig gilda um fjölmargar starfsnámsbrautir. Nemendum eldri en 25 ára hefur því fækkað jafnt og þétt síðustu misseri og má einnig draga þá ályktun að fækkun eldri nema sé vegna góðs ástands á vinnumarkaði ásamt því að áður nefnd reglugerð hefur áhrif. Skólinn hefur verið í fararbroddi þegar kemur að þróun og framboði á fjarnámi og því mikilvægt fyrir skólann að bjóða upp á fjölbreytt framboð áfanga í fjarnámi því kennsluformið er þarft og mikil eftirspurn eftir því. Haustið 2015 var 101 nýnemi innritaður beint úr grunnskóla. Dagskólanemar voru tæplega 900 við upphaf haustmisseris 2015.

Nemendur flokkaðir eftir brautum

Nemendur skólans, flokkaðir eftir brautum samkvæmt tölum Hagstofunnar árið 2011 en fyrir árin 2012, 2013, 2014 og 2015 úr skráningum í INNU.

	2011	2012	2013	2014	2015
Allar brautir	2585	2575	2216	2205	2064
Almenn námsbraut ⁵	1397	1427	74	101	86
Framhaldsskólabraut		45	44	41	25
Félagsfræðibraut	404	363	295	342	529
Heilbrigðisritarar	33	41	18	19	30
Heilsunuddarar	76	87	79	82	102
Lyfjatækni	69	55	37	41	36
Læknaritara	32	24	20	28	33
Málabraut /Hugvísindabraut ⁶	120	97	79	83	98
Náttúrufræðibraut	158	149	120	165	271
Námsbraut í fótaaðgerðarfræði		1	0	9	6
Nýsköpunar- og listabraut ⁷			37	39	48
Ótilgreint nám ⁸			1208	991	346
Sjúkraliðar	127	104	70	94	129
Sjúkraliðar framhaldsnám				19	23
Starfsbraut	29	31	31	31	31
Tanntæknar	37	41	43	44	62
Viðbótarnám-stúdentspróf	17	24	7	9	92
Viðskipta- og hagfræðibraut	79	71	53	64	96
Viðskiptabraut	7	4	1	3	0

⁵ Tölur um fjölda nemenda á almennri braut fyrir árin 2011 og 2012 þarf að taka með fyrirvara vegna þess að Hagstofan skráir þá fjarnámsnemendur sem ekki velja sérstaka braut á almenna braut.

⁶ Ný námskrá tók gildi á haustönn 2015 og leysti hugvísindabraut málabraut af hólmi.

⁷ Boðið var upp á NL (nýsköpunar- og listabraut) í fyrsta skipti á haustönn 2013.

⁸ Fjarnámsnemendur á haustönn 2013 og 2014 voru skráðir á ÓTN (ótilgreint nám).

Nemendafjöldi eftir kynjum


Skipting milli kynja hefur verið svipuð síðustu ár.



U.þ.b. sama kynjaskipting var á haustönn 2015 í dagskóla og í fjarnámi. 37,1% dagskólanemenda og 36,9% fjarnámsnemenda voru karlar. Á bóknámsbrautum voru 44% dagskólanema karlar og 56% konur á haustönn 2015. Áberandi kynjamunur er á heilbrigðisbrautum þar sem rúmlega 88% dagskólanemenda og rúmlega 90% fjarnámsnema voru konur á haustönn 2015. En 28,9% fjarnámsnema tilgreindi ekki braut og stundar því ótilgreint nám.

Meðalaldur nemenda eftir brautum

Töluverður aldursmunur er í dagskólanum og í fjarnámi. Meðalaldur dagskólanema var 23,4 ára á haustönn 2015 en meðalaldur fjarnámsnema var 25,6 ára. Á bóknámsbrautum var meðalaldur 19,8 ára í dagskólanum og 23,2 ára í fjarnámi. Á heilbrigðisbrautum vara meðalaldur 32,8 ára í dagskólanum og 35,7 ára í fjarnámi.



Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Við Fjölbrotaskólann við Ármúla voru 104 nemendur á haustönn 2015 sem flokkast með erlendan uppruna. Þeir koma alls frá 30 löndum. Fjölmargir þeirra hafa verið búsettir á Íslandi frá unga aldri en einnig er stór hópur sem er nýfluttur til Íslands. Flestir koma frá Póllandi (21) en þar á eftir koma nemendur frá Filipseyjum (14), Víetnam (12), Kólumbíu (9) og Litháen (8).

1	Pólland	21
2	Filipseyjar	14
3	Víetnam	12
4	Kólumbía	9
5	Litháen	8
6	BNA	3
7	Portúgal	3
8	Serbía	3
9	Tæland	3
10	Afganistan	2
11	Búlgaría	2
12	Frakkland	2
13	Íran	2
14	Kosovo	2
15	Lettland	2
16	Noregur	2
17	Albanía	1
18	Austurríki	1
19	Danmörk	1
20	Eritrea	1
21	Grænland	1
22	Kenía	1
23	Kína	1
24	Makedónía	1
25	Mexíkó	1
26	Namibía	1
27	Rússland	1
28	Sýrland	1
29	Venesúela	1
30	Þýskaland	1
		104

Ársmemendur

Tölur yfir prófaða ársnemendur í FÁ fjárlagaárið 2015 eru eftirfarandi:

Vor	326
Vor fjar	130
Sumar fjar	44
Haust	295
Haust fjar	132
Sérkennsla	31
Samtals	958

Skólinn fékk greitt fyrir 906 ársnema í fjárlögum og er áhyggjuefni hversu mikil fækkun ársnemanda er orðin staðreynd á síðustu árum.

Brautskráðir nemendur árið 2015

Frá árinu 2010 hafa nemendur skólans verið brautskráðir í hátíðarsal skólans. Samtals voru brautskráðir frá skólanum 284 nemendur (77 karlar og 207 konur), á árinu. Árið 2015 voru brautskráðir 32 heilsunuddarar, 5 heilbrigðisritarar, 9 lyfjatæknar, 3 læknaritarar, 28 sjúkraliðar, 13 tanntæknar, 17fótaaðgerðarfræðingar, 7 sérdeildarnemar, 67 stúdentar af félagsfræðibraut, 17 stúdentar af málabraut, 29 stúdentar af náttúrufræðibraut, 13 stúdentar af viðskipta- og hagfræðibraut, 13 stúdentar með viðbótarnám að loknu starfsnámi og 18 úr framhaldsnámi sjúkrliða á 4. hæfniprepi. Þess má geta að útskriftarnemendur koma frá 34 bæjarfélögum úr öllum landshlutum.

Nám

Sérnámsbraut

Á sérnámsbraut stunda 31 nemandi nám. Við brautina starfa 5 sérkennarar, 3 þroskaþjálfar, 8 stuðningsfulltrúar (3 í 100% stöðum og 5 í 75%) störfum auk kennslustjóra.

Kennsla á brautinni fer fram í þremur kennslustofum.

Í suðurálmú skólans eru tvær kennslustofur. Þar eru við nám 16 nemendur með fötlunargreiningu. Þeir nemendur þurfa mikla aðstoð við nám og aðstoð við allar athafnir daglegs lífs. Í miðrymi skólans er ein kennslustofa. Þar eru við nám 15 nemendur sem allir hafa fötlunargreiningu og eru á ýmsan hátt sjálfstæðari en þurfa töluverða aðstoð við nám og sumar daglegar athafnir. Nokkrir nemendur brautarinnar sækir að hluta til nám í almenna áfanga.

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir alla nemendur í byrjun haustannar og endurskoðuð í byrjun vorannar. Námsmat fer að mestu leyti fram með símati og samantekt er í lok námsanna. Mikið og stöðugt foreldrasamstarf er í gangi yfir allt skólaárið, auk samstarfs við tengslastofnanir og sérfræðinga sem tengjast nemendahópnum.

Heilbrigðisskólinn

FÁ er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum og því er samband skólans við atvinnulífið og fagfélög í heilbrigðisgreinum mikið. Mikil umræða er jafnan í gangi um þróun náms og námskrárbreytingar. Kennslustjórar heilbrigðisskólans unnu af fullum krafti við nýja námskrá heilbrigðisskólans, þ.e. við námsbrautalýsingar og áfangalýsingar voru brautir settar í nýjan búning samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólinn fékk fjölmarga styrki til námskrágerðar og hófst kennsla fyrir sóttþreinsitækna á vorönn 2015. Kennslan fór fram á Landsspítalanum og í FÁ. Unnið var að námskrá á fjórða þrepi fyrir sjúkraliða sem starfa á skurðlæknastofum en stefnt er að því að hefja námið á vorönn 2016. Skrifað var undir nýjan samstarfssamning við Landspítalann og komu stjórnendur í heimsókn í FÁ af því tilefni.

Náið samstarf er á milli FÁ og Fótaaðgerðaskóla Íslands samkvæmt samningi frá 2010. FÁ sér um innritun og námsferla nemenda Fótaaðgerðaskólans. Skólinn sér einnig um kennslu í þeim áföngum fótaaðgerðanámsins sem eru sameiginlegir öðrum heilbrigðisbrautum í FÁ. Haustönn 2015 markaði endalok Fótaaðgerðaskólans sem þá útskrifaði nemendur í síðasta sinn. Er það áhyggjuefni að slíkt nám skuli ekki vera í boði hér á landi.

Almenn námsbraut – stoðþjónusta

Nemendur á almennri námsbraut fá mikinn stuðning við nám sitt. Kennslustjóri hefur yfirumsjón með almennri námsbraut og eru að jafnaði um 100 nemendur á brautinni. Skólinn fékk styrk til að þróa nýja framhaldsskólabraut og var farið af stað með nokkra nýja áfanga á brautinni haustið 2010. Markmið framhaldsskólabrautarinnar er að nemendur geti útskrifast úr framhaldsskóla með próf sem mögulega auðveldar þeim að fá vinnu en útilokar þá ekki frá frekara námi. Megintilgangurinn er þó að fleiri nemendur útskrifist úr framhaldsskóla.

Á haustönn 2015 voru um 100 nemendur frá hátt í 30 þjóðlöndum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Kennslustjóri nýbúa hefur yfirumsjón með deildinni. Fjórir kennarar koma að sérstökum stuðningi við innflytjendur ásamt námsráðgjöfum og þeim stendur til boða fjölbreytt námsaðstoð.

Skráðir nemendur í skólanum með dyslexíugreiningu og aðrar greiningar um sértækan námsvanda voru 85 á haustönn 2015 og heldur kennslustjóri sértækra námsúrræða utan um hópinn.

Kennslustjóri er ráðgefandi aðili nemenda, foreldra og kennara. Nemendur fá sérhæfðan stuðning, t.d. til við að átta sig á hvernig styrk- og veikleikar viðkomandi birtast í námi og hvernig viðkomandi getur brugðist við. Einnig er boðið upp á skimun/greiningu, stoðkennslu og sérúrræði í lokaprófum. Mikilvægt er að geta aukið svigrúm slíkrar þjónustu í nánustu framtíð.

Samvinna er á milli kennslustjóra og kennara um nám og námsframvindu nemenda. Kennarar skólans taka mið af einstaklingsbundnum þörfum nemenda eins og kostur er. Lögð er áhersla á að kennarar skólans beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsmati til að mæta fjölbreytileika nemendahópsins.

Þrjú náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann og sinna víðtækri þjónustu við nemendur enda nemendahópurinn fjölbreyttur. Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er sinnt í gegnum ráðgjöf, námskeiðahald, opna viðtalstíma, kynningar, o.fl. Aðsókn í opna viðtalstíma er mikil og eru tímarnir vel nýttir. Auk þess eru í boði stutt námskeið fyrir

nemendur um námstækni, kvíða, o.fl. sem á við sem styrkir nemendur í námi. Náms- og starfsráðgjafar fara einnig inn í vissa áfanga þar sem þeir eru með fræðslu, t.d. í lífsleikni og LOK-áföngum.

Bóknám

Bóknámsbrautir skólans eru félagsfræðabraut, málabraut, hugvísindabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Kennsla á þriggja ára stúdentsbrautum hófst haustið 2015 samkvæmt nýrri námskrá viðkomandi brauta. Námsbrautirnar fóru í gegnum staðfestingarferli hjá Menntamálastofnun og Mennta- og menningarmálaráðuneyti á vorönn 2015 og voru loks staðfestar af ráðherra fyrir upphaf skólaársins. Á bóknámsbrautum dagskólans voru nemendur um rúmlega 500 og var tæplega helmingur þeirra skráður á félagsfræðibraut. Náttúrufræðibraut er næststærst, síðan málabraut/hugvísindabraut og loks viðskipta- og hagfræðibraut. Fjórir kennslustjórar bóknámsbrauta stýra sjálfsmati, umbótum og innra starfi bóknámsbrauta. Kennslustjórar bóknáms, eins og reyndar aðrir kennslustjórar, stýra vinnuhópum sem vinna að innleiðingu nýrra laga um námskrána og hefur vinna staðið yfir óslitið frá hausti 2012. Auk þess er boðið upp á nám á lista- og nýsköpunarbraut sem er tveggja ára starfsnámsbraut og hefur verið í boði frá hausti 2013.

Starfsfólk, kennsla og stjórnun

Starfsmenn skólans eru 111 og eru konur í miklum meirihluta eða 70% á móti 30% körlum. Meðalaldur starfsmanna er rúm 48 ár og er sami meðalaldur hjá körlum og konum. Fjöldi kennara var rúmlega 80 sem starfaði við skólann, þrír þroskaþjálfar, tveir bókasafns- og upplýsingafræðingar, tveir náms- og starfsráðgjafar, bókari, fjármálastjóri, 8 stuðningsfulltrúar, umsjónarmaður fasteigna, umsjónarmaður ljósritunar og tveir fulltrúar. Á skólaárinu 2015-2016 hófu tveir nýir kennarar störf (100%) en lítil endurnýjun er jafnan milli ára sem gefur vísbendingar um að starfsfólki líði ákaflega vel á vinnustaðnum. Nær allir kennarar skólans eru með kennsluréttindi en einn kennari er með undanþágu til þess að starfa sem framhaldsskólakennari.

Við skólann starfa sex stjórnendur, þ.e. skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri, gæðastjóri (50% starf) og fjármálastjóri. Þrír kennslustjórar stýra bóknámsbrautum og fjórir kennslustjórar stýra heilbrigðisgreinum. Námskrárstjóri er í 25% starfi og sér um innleiðingu nýrra námskráa auk þess að vinna náið með kennslutjórum að koma námskrám í staðfestingarferli og inn á namskra.is. Auk þess eru starfandi kennslustjórar fyrir sértæka námsörðugleika, nýbúa, almenna námsbraut og framhaldsskólabraut. Allir kennslustjórar eru í hlutastarfi og sinna kennslu með starfi. Hlutfall starfa er frá 20-65%.

Að jafnaði eru kenndir rúmlega 200 áfangar í dagskóla á vorönn og haustönn og í fjarnámi eru í boði tæplega 100 áfangar hvora önn. Auk þess er fjarnám í boði á sumarönn þar sem fjöldi áfanga er 25-30. Í dagskóla er miðað við að hópastærðir fari ekki yfir 28 nemendur en í fjarnámi geta fjölmennustu áfangarnir verið með 80 nemendur.

Fundir

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri, fjármálastjóri, gæðastjóri og námskrárstjóri funda vikulega á mánudagsmorgnum. Skólameistari, auk fleiri stjórnenda funda auk þess reglulega með kennslutjórum heilbrigðisgreina, kennslutjórum bóknámsbrauta, stjórnendum stoðeilda og námsráðgjöfum. Fundað er reglulega í skólaráði og a.m.k. einu sinni til tvisvar á önn í skólanefnd. Almennir starfsmannafundir, þar með taldir skólafundir þar sem nemendum er boðin þátttaka, eru

fjórir til fimm á önn. Á haustönn var haldinn almennur nemendafundur þar sem skólameistari boðaði alla nemendur á sal skólans og farið var yfir mikilvæg mál er vörðuðu skólastarfið. Á hverri vorönn stendur skólinn fyrir ráðstefnu fyrir starfsfólk þar sem kennslufræðileg málefni eru tekin fyrir. Það eru kennslustjórar sem skipuleggja ráðstefnuna og efni síðustu ráðstefnu var brotthvarf og skuldbinding nemenda.

Fjármál og rekstur 2015

Skólinn var rekinn með hagnaði á árinu 2015. Sú upphæð er fyrst og fremst tilkomin vegna aukafjárveitinga vegna uppgjors sérkennslu og ADL-þjónustu við nemendur.

Skv. fjárlögum	928.400.000
Fl.f.f. ári	20.350.196
Tekjur innh hér	137.565.763
Námsorlof vorönn	3.333.938
Nemuppgjör v starfsbrauta	4.384.000
Vegna vinnumats	2.459.417
Námsorlof haustönn	7.945.630
Millifært v launabóta	43.100.000
Uppgjör á námsorlofi	65.539
Uppgjör v sérkennslu og ADL	19.701.481
Tekjur samtals	1.167.305.964
Launagjöld	959.507.987
Önnur gjöld	201.754.370
Gjöld samtals	1.161.262.357
Tekjur - gjöld/ Hagn fl á næsta ár	6.043.607

Skólinn er að skila umframnemendum vegna mikillar aðsóknar og það liggur fyrir að ekki er greitt fyrir þá af hálfu yfirvalda. Það er þó ljóst að góð staða er tilkomin vegna aðhalds í rekstri á síðustu árum sem hafa reynst skólanum erfið. Á sama tíma er það áhyggjuefni að ef upp koma alvarleg veikindi starfsmanna þá eru þau ekki bætt þegar ráða þarf í forfallastöður. Slíkt getur auðveldlega komið fjárhag skólans í slæma stöðu.

Samstarf

Skólinn er í samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur og nokkra grunnskóla. Mikið samstarf er við Landspítalann og stéttafélög heilbrigðisgreina vegna náms í heilbrigðisgreinum. Samstarfi við Snyrtiakademíuna í Kópavogi var hætt á haustönn 2015 og námsbraut í fóttaaðgerðarfræði lögð niður.

Skólinn hefur verið í öflugum alþjóðlegu samstarfi á síðasta ári og er það stefna skólans að viðhalda því. Skólinn lauk þátttöku í umfangsmiklu samstarfsverkefni undir nafninu ESTIC styrkt af EEA Grants við Viimsi Secondary School frá Eistlandi á vorönn 2015. Öðru samstarfsverkefni styrkt af EEA Grants undir nafninu SAM Children með

Þátttöku sérnámsbrautar lauk á haustönn 2015 með fundi í Reykjavík. Skólinn tók þátt í verkefni styrkt af Nordplus undir heitinu Continuum skole job og lauk því verkefni með fund í Reykjavík á haustönn 2015. Skólinn stýrir skólasamstarfsverkefni, Sustainable Outdoor Activities, undir Erasmus+ áætlun. Lýkur þessu verkefni á vorönn 2016. Nýtt skólasamstarfsverkefni undir Erasmus+ áætlun hófst á haustönn 2015 og heitir verkefnið European School TV. Fyrsti fundur var haldinn í nóvember 2015 í Frakklandi og sóttu tveir kennarar og fjórir nemendur fundinn fyrir hönd skólans. Skólinn fékk styrk á vegum Erasmus+ áætlunar í starfsþjálfun nemenda og fóru fjórir nemendur á sjúkraliðabraut í mánaðar starfsþjálfun til Danmerkur. Skólinn fékk einnig styrk á vegum Erasmus+ áætlunar í nám og þjálfun starfsmanna. Tveir bókasafnsfræðingar skólans heimsóttu skólabókasöfn í Svíþjóð á vorönn 2015 og á haustönn 2015 sóttu fjórir starfsmenn námskeið í Sjálfbærni í skólastarfi í Grikklandi. Samstarfið við Umhverfisstofnun hélt áfram á síðasta ári og tók fjöldi nemenda þátt í Grænu vikunni, síðustu helginni í ágúst. Skólinn fékk styrk frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar fyrir umhverfisverkefnið „Tökum Reykjaveginn í fóstur“. Þátttökuskólarnir fengu GPS-tæki sem verða notuð til að taka gönguleiðina út. Verkefninu lauk formlega á vorönn 2015 með lokaskýrslu til sjóðsstjórnar.

Mat

Námskrá skólans er á vefrænu formi. Kaflarnir eru stuttir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Úr hverjum kafla eru svo tenglar sem vísa í ýtarlegri áætlanir, lýsingar, deilimarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Ekki er nóg með að texti námskrárinnar sé almennur og stuttur heldur tryggir rafræn birting einnig auðvelt aðgengi að honum. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti framhaldsskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr.).

Í námskrá skólans er sjálfsmatsstefna skólans skilgreind og krækja í sjálfsmatssíðu þar sem má m.a. finna verkáætlun, sjálfsmatsskýrslur síðustu ára og niðurstöður ytra mats.

Gæðastjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. til næstu ára. Kennslumat fer fram á hverri önn þar sem nemendum gest tækifæri til að meta kennslu og nám.

Allar niðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans. Niðurstöðum er ætlað að draga fram sterkar hliðar og veikar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum. Á grundvelli niðurstöðu í þessum könnunum verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta lagðar fram.

Framkvæmd markmiða skólasamnings

Skólinn setti sér tíu markmið í skólasamningi á árinu 2015. Innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga var fylgt eftir með því að setja áfangalýsingar og námsbrautalýsingar

inn í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MMR) og Námsmatsstofnunar. Kennsla hófst samkvæmt nýrri námskrá á öllum námsbrautum á haustönn 2015.

Sjálfbærnefnd fundaði mánaðarlega og er aðgerðaráætlun með mælanlegum markmiðum aðgengileg á heimasíðu skólans. Áfram var haldið að greina ástæður brotthvarfs sk. samræmdum atriðalista MMR. Markmiðinu að viðhalda styrk FÁ í fjarnámi var fylgt eftir með því að bjóða upp á kynningar á námsumsjónarkerfi í upphafi annar. Því markmiði að halda rekstri skólans innan fjárheimildar var reynt að fylgja eftir með aðgerðum til hagræðingar á öllum sviðum skólastarfs. Þátttakan í kennslumati á haustönn 2015 var 65% og því markmiði um virka þátttöku nemenda náð. Markmiðinu að fjölga tækifærum nemenda og starfsmanna til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi var fylgt eftir með þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum styrkt af Erasmus, EEA og Nordplus. Á árinu 2015 fóru 17 starfsmenn og 10 nemendur í ferðir á vegum skólans. Skólinn skipulagði fundi á Íslandi og tók á móti erlendum gestum. Markmiðinu að auka starfsánægju starfsmanna var fylgt eftir með því að framkvæma starfsmannaviðtöl og með ýmsum aðgerðum til að bæta ímynd skólans og efla trúverðugleika stjórnenda. Skólinn tók þátt í starfsánægjukönnuninni „Stofnun ársins 2015“ og hlaut skólinn heitið Fyrirmyndarstofnun. Skólinn kom vel út í samanburði við aðra stofnanir af svipaðri stærð og er gleðiefni að almennt er starfsfólk ánægt og sátt við umhverfið sem því er búið af skólanum. Markmiðinu að bjóða upp á öflugra stoðþjónustu við nemendur var fylgt eftir og geta nemendur ætíð gengið að námssetri þar sem hægt er að sækja sér aðstoð í flestum námsgreinum. Aðstoðin er mönnuð af kennurum og nemendur sem eru á lokasprettinum í námi. Auk náms- og starfsráðgjafar er boðið upp á stoðþjónustu fyrir nemendur af erlendum uppruna og fyrir nemendur sem njóta sértækra úrræða.

Úrbótaáætlun eftir sjálfsmat

Tímasett úrbótaáætlun eftir sjálfsmat er komin til framkvæmda. Markmið og úrbætur fyrir skólaárið 2015/2016 eru aðgengilegar í sjálfsmatskýrslu á heimasíðu skólans. Á vorönn 2013 var byrjað að greina brotthvarf nemenda og niðurstöður færðar í staðlaðan gagnagrunn ráðuneytis. Nú liggja fyrir niðurstöður brotthvarfsgreiningar fyrir vor- og haustönn 2015. Niðurstöður viðhorfakannanna og starfsánægjumats eru hafðar til viðmiðunar í umbótastarfi. Innleiðing gæðakerfis heldur áfram og eru alls 11 ferlar skráðir auk starfslýsinga. Heimasíða skólans hefur verið virk og fjöldi fréttar birst í hverri viku. Fésbókarsíða skólans nýtur vaxandi vinsælda og hefur fengið yfir 1100 fylgjendur. Foreldrar fengu reglulega upplýsingar frá skólameistara um skólastarfið í tölvupósti. Góð þátttaka var í kennslumati á vor- og á haustönn 2015. Niðurstöður kennslumats eru notaðar í starfsmannaviðtölum. Skólinn heldur áfram að taka virkan þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Annað

Húsnæðismál

Eldra húsnæði FÁ er um 5400 m² og nýbyggingin um 2900 m². Aðalbygging skólans er því um 8300 m². Nýbygging skólans hefur skipt sköpum fyrir allt skólastarf, ekki síst félagslíf nemenda. Með tilkomu nýbyggingarinnar rúmar skólinn um 1100 nemendur í dagskóla en í náinni framtíð verða nemendur 900-1000 í dagskóla og fer því vel um alla. Unnið hefur verið að endurbótum innanhúss sem utanhúss síðustu misseri í góðu samstarfi við fasteignir ríkisins. Má fullyrða að fáir framhaldsskólar státi að jafn glæsilegu umhverfi og húsnæði og FÁ býr við.

Umhverfisstefna

Fjölbrautaskólinn við Ármúla tekur hlutverk sitt alvarlega þegar kemur að umhverfismálum og vill sýna nemendum og öðrum sem að skólastarfinu koma gott fordæmi við rekstur og stjórnun skólans. Umhverfisfulltrúi skólans er Bryndís Valsdóttir og leiðir hún starf nemenda og starfsmanna. Skólinn hefur umhverfissjónarmið og verndun náttúrunnar að leiðarljósi, jafnt í daglegum athöfnum og í stefnumótun til framtíðar. Vinna innan skólans tekur tillit til sjálfbærrar þróunar þegar því verður við komið en innan skólans er sérstök sjálfbærnefnd sem leysti af hendi umhverfisnefnd. Skólinn hefur verið með Grænfánann frá 2006 og fékk staðfest í lok árs 2014 að fánann yrði veittur skólanum í fimmta sinn. Er skólinn eini framhaldsskólinn sem hefur fengið Grænfánann fimm sinnum og er hægt að fullyrða að skólinn er í fararbroddi þegar kemur að umhverfismálum á meðal íslenskra framhaldsskóla. Sérstakt átak er í gangi innan skólans sem nefnist „siðbót“. Útskriftarnemendur stúdentsprófbrauta halda utan um átakið þar sem lögð er áhersla á að leiðbeina nemendum hvað varðar flokkun á rusli og bæta almenna umgengni í skólastarfinu. Átakið gekk vel og var almenn umgengni nemenda betri en áður.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Á haustönn 2010 var skipaður stýrihópur til að undirbúa þátttöku FÁ í verkefninu *heilsueflandi framhaldsskóli* (Hoff) sem hófst síðan formlega haustið 2011. Landlæknir setti verkefnið formlega af stað á 30 ára afmælishátíð skólans þann 24. september 2011. Hoff verkefnið mun taka fjögur ár og var lögð megináhersla á næringuna fyrsta árið. Höfuðáhersla verkefnisins er á fjögur viðfangsefni, **næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl**, en eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári. Markmiðið er að upplýsa og virkja nemendur og starfsmenn skólans til að taka þátt. Hafa nemendur tekið þessari nýbreytni vel og aukin áhersla á hollustu og breytta lífshætti fellur vel í mannskapinn. Á haustönn 2013, 2014 og 2015 tók skólinn þátt í átaksverkefninu „Hjólum í skólann“ og hefur verið í verlaunasæti öll árin. Skólinn tekur einnig þátt í Lífshlaupi framhaldsskólanna og hafa bæði þessi átök átt þátt í því að nemendum og starfsmönnum sem temja sér umhverfisvænar samgöngur hefur fjölgað en að jafnaði hjóla um 50-60 nemendur og starfsmenn daglega í skólann. Haustið 2015 var starfsfólki boðið að sækja um samgöngustyrk og nýta sér styrkinn tæplega 30 manns.

Jafnréttisstefna

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 kveður á um að öll fyrirtæki og stofnanir sem eru með fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun. Fjölbrautaskólinn við Ármúla er stór stofnun, þar sem yfir 1000 manns eru saman komnir á hverjum degi, nemendur og starfsfólk. Það er því ljóst að málefni sem varða jafnrétti kynjanna hljóta að koma við sögu margsinnis á hverjum degi í slíkri stofnun. Stefnan er á vefslóðinni <http://www.fa.is/ritstjorn/namskra/jafnretti/jafnretti2007.htm> og var hún samþykkt á starfsmannafundi skólans. Sérstakir jafnréttisvísar voru kynntir en nánari upplýsingar má finna inn á <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/jafnrettissida/drog-ad-jafnrettisaaetlun-2012/>

Jafnréttisvísarnir gefa til kynna að hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum er hátt og eðlilegt í ljósi þess að konur eru í miklum meirihluta við skólann. Hið sama má segja um nemendur en hlutfall kynjanna er nokkuð jafnt í nemendaráði skólans.

Sjálfbærnistefna

Skólinn hefur sett sér sjálfbærnistefnu og skipað sjálfbærninefnd sem hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir í öllum þáttum skólalífs. Í sjálfbærninefnd eiga sæti skólameistari og aðstoðarskólameistari, gæðastjóri, umhverfisfulltrúi skólans, umsjónarmaður skólans, tveir kennarar af bóknámsbrautum, einn kennari sérnámsbrautar, einn kennari heilbrigðisskólans, einn starfsmaður af þjónustusviði og tveir fulltrúar nemenda.

Markmiðið með sjálfbærnistefnu er að efla og styrkja skólann í framþróun og skapa nemendum og starfsmönnum umhverfi sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Stefnunni er ætlað að efla borgaralega virkni nemenda, styrkja gildismat og viðhorf til verndunar náttúrunnar og umhverfisvæns lífsstíls, efla lýðræðisvitund og samábyrgð, styrkja gildismat og viðhorf gagnvart mannréttindum, jafnrétti, fjölmenningu, velferð og heilbrigði, efnahagsþróun, framtíðarsýn og stuðla að sköpunargleði.

Sjálfbærninefndin gerir aðgerðaáætlun eitt skólaár í senn. Í áætluninni eiga að koma fram mælanleg markmið og mælikvarðar sem verða notaðir til að mæla og meta árangur í lok skólaárs.

Lokaorð

Árið 2015 var árangursríkt fyrir skólann, starfsfólk og nemendur. Það er ljóst að spennandi áskoranir eru framundan og það sem vegur þyngst er innleiðing nýrra námskráa á öllum námsbrautum. Skólinn mun halda áfram að vinna að eflingu námsbrauta, þróun nýrra námsbrauta með hagsmunasamtökum og atvinnulífinu og styrkja þannig tengslin við samfélagið og þarfir þess. Líkt og fyrri ár mun skólinn leggja áherslu á fjölbreytni í námi og að þjóna fjölbreyttum hópi nemenda með öflugri starfsemi.

Reykjavík, 29. febrúar 2016



Steinn Jóhannsson skólameistari